



Elsta hemlaveita á landinu.

Veitur sem byrjuðu með hemla, t.d. Hitaveita Akureyrar, Hitaveita Akranes og Borgarfjarðar, Hitaveita Þorlákshafnar og Hitaveita Rangæinga hafa allar skipt yfir í rennslismæla fyrir þó nokkrum árum síðan. Hemlakerfið er einna helst notað í jarðarbyggðum og í sumarhúsabyggð. HS Veitur hf er því elsta hemlaveita á landinu. Á Suðurnesjum voru um áramótin 2009 – 2010 alls 6715 hemlar og 238 rennslismælar. HS Veitur hf selja allt vatn í Vestmannaeyjum samkvæmt mælingu, bæði heitt og kalt vatn.

Af hverju mælar?

Umboðsaðili Danfoss á Íslandi hefur staðfest að framleiðandi AVD lokanna, sem veitan hefur notast við frá upphafi, sé að hætta framleiðslu þeirra. Þetta var tilkynnt fyrir þó nokkrum árum síðan. S.l. 4 ár hefur verið gerð tilraun með AVQ loka, einnig frá Danfoss. Þeir hafa reynst illa, óáreiðanlegir og bilanatíðni há með tilheyrandi óþægindum fyrir viðskiptavinum. Því er næsti kostur fyrir HS Veitur hf að fara í sölukerfi með rennslismælum. Þá hafa raddir viðskiptavina okkar orðið háværar síðustu misseri um að kaupa vatn samkvæmt mælingu.

Núna fyrirtæki, stofnanir og félög, íbúðarhúsin í framhaldinu.

Í þessari törn er verið að skipta um alls 900 mæla. Það er eingöngu fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök af ýmsu tagi. Þeirri vinnu á að vera lokið 20 desember 2010. Það er ljóst að einnig verður farið í það að skipta út hemlum í íbúðarhúsnæði og setja í staðinn rennslismæli. Ekki hefur verið tekin ákvörðun af stjórn HS Veitna hf um hvenær sú vinna hefst.

Gerð mælana.

Um er að ræða svokallaða rellumæla af gerðinni Elster, týpunúmer M-190. Frumherji er umboðsaðili mælana hér á landi.

Hefur þetta í för með sér hækkun á verði?

Þessi breyting á ekki að hafa í för með sér neina hækkun, gjaldskrá er ekki að hækka. Sölukerfi hemla er byggt upp á 67,8% nýtingu á vatni í gegnum hemil. Þeir viðskiptavinir sem hafa verið að nýta hemil 67,8% koma vel út. Þeir sem hafa verið undir 67,8% lækka, þeir sem hafa nýtt hemil meira en 67% gætu komið til með að hækka.

Dæmi um 67% nýtingu með hemlakerfi.

Hús sem kaupir í dag 2 l/m, gerir 120 lítra á klst. eða 2880 lítra á sólarhring. 2880 x 30 dagar = 86.400 lítra á mánuði. HS Veitur hf tryggir viðskiptavinum sem kaupir 2 l/m 86.400 lítra á mánuði og en það greiddi 67,8% af því sem gerir 58,580 lítra. Þannig að viðskiptavinur sem var með 2 l/m ætti að geta notast við 58,580 lítra mánuði eða 58,5

rúmmetra. Hafi það hins vegar nýtt meira en 67,8% hækkar reikningurinn, ef ekki þá greiðir það sama og í einhverjum tilfellum minna. Viðskiptavinir ráða ferðinni. Nauðsynlegt að húsráðendur láti yfirfara hitakerfi sín og tryggja að hitakerfi séu jafnvægisstillt til að tryggja sparnað og eðlilegan rekstur.